

[Skipulagsskrá Austurbrúar](#), 8 gr., gerir ráð fyrir því að fimm stjórnarmenn komi af vettvangi sveitarstjórnarmála og "skulu vera þeir sömu og skipa stjórn SSA og eru því kosnir á aðalfundi SSA".

Á síðasta aðalfundi SSA 20. mars 2026 var fjölgað um einn í stjórn sambandsins. Starfsháttanefnd Austurbrúar gerði í kjölfarið tillögu að breytingu á 8. greininni á fundi sínum 6. ágúst og var hún samþykkt á [fundi stjórnar Austurbrúar 11. ágúst](#)

* * * * *

Tillaga frá Starfsháttarnefnd fyrir aukaársfund Austurbrúar 1. september 2026

8. gr., tillaga að breytingu

Stjórn Austurbrúar ses. skal skipuð átta sjö manns. Skulu sex fimm þeirra koma af vettvangi sveitarstjórnarmála en tveir af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar. Stjórnarmenn af vettvangi sveitarstjórnarmála skulu vera þeir sömu og skipa stjórn SSA og eru því kosnir á aðalfundi SSA. Stjórnarmenn af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar eru formaður og varaformaður fagráðs stofnunarinnar og kosnir á fundi hagsmunaaðila og annarra stofnaðila en sveitarfélaga. Aðrir fagráðsmenn taka stjórnarsæti í forföllum formanns og/eða varaformanns. Varamenn í stjórn SSA taka sæti í forföllum aðalmanna af vettvangi sveitarstjórnarmála. ~~Áheyrnarfulltrúi í stjórn SSA á einnig rétt á að sitja sem áheyrnarfulltrúi í stjórn Austurbrúar ses.~~